

## Kaup Vinnslustöðvarinnar hf. á 75% hlutfjár í Hólmaskeri ehf.

1. Með ákvörðun þessari er tekin afstaða til kaupa Vinnslustöðvarinnar hf. („VSV“) á 75% hlutfjár í Hólmaskeri ehf. („HSK“), en í kaupunum felst samruni í skilningi 17. gr. samkeppnislaga. Niðurstaða rannsóknarinnar er að ekki séu forsendur til íhlutunar í málinu, eins og útskýrt er nánar í ákvörðun þessari.
2. Samruninn var tilkynntur þann 4. nóvember 2021. Með tilkynningunni fylgdi styttri samrunaskrá í samræmi við 6. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga nr. 44/2005 og reglur eftirlitsins nr. 1390/2020. Með tölvupósti, dags. 19. nóvember 2021 tilkynnti Samkeppniseftirlitið samrunaaðilum að samrunaskráin hafi talist fullnægjandi en frestir til rannsóknar málsins byrjuðu að líða 5. nóvember 2021. Við athugun málsins leit Samkeppniseftirlitið til upplýsinga í samrunaskrá ásamt fyrri rannsókna eftirlitsins er varða samruna á sömu mörkuðum.
3. Um samrunann segir í samrunaskrá að VSV hafi skuldbundið sig til að kaupa 75% hlutfjár í HSK, sem keypt hefur allar eignir fiskvinnslufyrirtækisins Stakkholts ehf.
4. VSV er útgerðar- og fiskvinnslufyrirtæki með fjölbreytilegan rekstur. Félagið gerir út sex skip til humar-, uppsjávar, tog- og netveiða. VSV starfrækir saltfiskverkun, humarvinnslu, botnfiskvinnslu og uppsjávarvinnslu. Fyrirtækið á og rekur fiskimjölsverksmiðju og frystigeymslu. Tilgangur félagsins samkvæmt samþykktum þess er að starfrækja fiskvinnslu og útgerð fiskiskipa á sem fjölbreytilegastan hátt, til endursölu á hagkvæmustu mörkuðum, innlendum sem erlendum. Kaup á hvers konar sjávarafla til vinnslu og endursölu. Einnig verslun og þjónusta tengd aðalstarfsemi félagsins, svo og rekstur fasteigna, kaup og sala verðbréfa og annars skyldur atvinnurekstur.
5. Fimm stærstu hluthafar í VSV eru Seil ehf. (41%), FISK Seafood fjárf. ehf. (33%), Lífeyrissj. Vestmannaeyja, Kristín Elín Gísladóttir og Elínborg Jónsdóttir.
6. VSV á 100% hlut í VSV Seafood Iceland ehf. og fimm erlendum dótturfélögum sem sérhæfa sig í sölu fiskafurða, en stunda hvorki veiðar né vinnslu. VSV á einnig 100% hlut í Hafnareyri ehf. Hafnareyri þjónar starfsemi félagsins til sjós og lands og öðrum viðskiptavinum líka. VSV á einnig Huginn ehf. Þá á VSV meirihluta í Uppsjávarfisk ehf. og 100% hlut í Kap ehf. VSV á hlut í Löngu ehf. og Rannsóknarþjónustu Vestmannaeyja ehf. en einnig í Marhólmum og Lifró ehf., sem á 49% hlutfjár í Idunn Seafood.
7. HSK er fiskvinnslufyrirtæki, sem mun reka fiskvinnsluna, sem áður var eign Stakkholts. Eini hluthafi HSK er Gellur og hnakkar ehf. sem er í eigu Alberts Erlusonar og Jóhönnu Steinunnar Snorradóttur. Engar aðrar eignir eru í félaginu, né er til ársreikningur fyrir félagið.<sup>1</sup>

<sup>1</sup> Ársreikningur Stakkholts vegna ársins 2020 var lagður fram ásamt öðrum gögnum vegna samrunans.



8. HSK mun vinna fisk bæði ferskan og frosinn, sem verður einkum seldur inn á markað á austurströnd Bandaríkjanna. Aðalhráefni Stakkholts er ýsa, keypt af íslenskum fiskmörkuðum. Engar breytingar eru fyrirhugaðar á rekstri einingarinnar að undanskildu því að HSK mun vinna a.m.k. hluta ýsukvóta VSV, sem hingað til hefur einkum verið seldur á fiskmarkaði. HSK mun áfram eiga viðskipti á fiskmörkuðum til hráefnisöflunar.
9. Í samrunaskrá segir að tilgangur VSV með fjárfestingunni er að styrkja sig í vinnslu ýsuafurða til sölu inn á markaði á austurströnd Bandaríkjanna, en VSV hefur lítið sem ekkert sinnt þeim mörkuðum í starfsemi sinni. Nánast öll veidd ýsa VSV á liðnum árum hefur verið seld á fiskmarkaði, bæði innanlands og utan.
10. Þá segir að samruninn nái til markaðarins fyrir kaup, vinnslu og sölu á ferskum og frystum fiski. Allar afurðirnar eru seldar erlendis.
11. Að mati Samkeppniseftirlitsins er markaður málsins markaður fyrir vinnslu á sjávarafla, þ.m.t. saltfiskverkun, humarvinnsla, botnfiskvinnsla og uppsjávarvinnsla. Ólíkar aðferðir við verkun sjávarafurða kunna að tilheyra sérstökum mörkuðum en í ljósi niðurstöðu málsins er ekki þörf á að taka afstöðu til þess. Rétt er að halda því til haga að undirmarkaðir fyrir einstaka fisktegundir og afurðir kunna að vera til staðar, sbr. t.d. ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 19/2020, *Samruni Brims hf., Fiskvinnslunnar Kambs hf. og Grábrókar ehf. og meint yfiráð í Brimi hf.* Landfræðilegur markaður fyrir vinnslu og sölu sjávarafla kann að vera víðari en Ísland. Í ljósi niðurstöðu málsins er þó ekki tilefni til þess að taka endanlega afstöðu til skilgreiningar markaðarins.
12. Að mati samrunaaðila eru samkeppnisleg áhrif samrunans óveruleg. Hvorugur samrunaaðila hafi markaðsráðandi stöðu á markaði fyrir fiskveiðar eða markaði fyrir vinnslu og sölu á sjávarfangi. Þá hafisamruninn það ekki í för með sér að markaðsráðandi staða myndist þar sem ætla megi að markaðshlutdeild sameinaðs félags á mörkuðum málsins verði í beinu hlutfalli við þær aflaheimildir sem félagið muni hafa yfir að ráða í kjölfar samrunans.
13. Samkvæmt úthlutun heildarafla eftir þorskígildum fyrir fiskveiðiárið 2021/2022 er VSV með 4,19% hlutdeild, auk hlutdeildar Hugins sem nemur 0,08%. HSK heldur utan um allan rekstur Stakkholts en gerir ekki út skip. Samrunaaðilar áætla að markaðshlutdeild samrunaaðila fyrir fiskvinnslu sé sambærileg úthlutuðu aflamarki í þorskígildum, eða 0-5%. Af þessum upplýsingum er ljóst að takmörkuð samþjöppun leiðir af samrunanum og ekki eru vísbendingar um skaðleg áhrif samrunans á samkeppni að öðru leyti.
14. Líkt og áður segir á FISK-Seafood fjárf. ehf. 33% eignarhlut í Vinnslustöðinni. Í ákvörðun eftirlitsins nr. 3/2021, *Samruni FISK-Seafood ehf. og Ölduóss ehf.*, voru þessi eignatengsl rakin og vakin á því athygli að stjórnunar- og eignatengsl milli keppinauta á markaði, sameiginleg þátttaka þeirra í verkefnum eða önnur samvinna, geti á hverjum tíma kallað á rannsókn samkeppnisyfirvalda. Þannig geti komið til álita að umrædd eigna- og stjórnunartengsl, eða aðrir gerningar, feli í sér að stofnast hafi til yfiráða yfir viðkomandi fyrirtæki eða fyrirtækjum. Þá geti komið til álita hvort sömu viðskipti og tengdir gerningar fari gegn banni 10. gr. samkeppnislaga við ólögsmætu samráði. 7. Í þessu máli, líkt og í ákvörðunum nr. 35/2021, nr. 3/2021 og nr. 19/2020 er engin afstaða tekin til umræddra eignatengsla, enda hafa ekki komið fram vísbendingar um að þau hafi áhrif á efnislegt mat málsins.
15. Rétt er hins vegar að áréttu að stjórnunar- og eignatengsl milli keppinauta á markaði, sameiginleg þátttaka þeirra í verkefnum eða önnur samvinna, getur á hverjum tíma kallað á rannsókn samkeppnisyfirvalda. Getur þá komið til álita að umrædd eigna- og stjórnunartengsl, eða aðrir gerningar, feli í sér að stofnast hafi til yfiráða yfir viðkomandi fyrirtæki eða



fyrirtækjum. Þá getur komið til álita hvort sömu viðskipti og tengdir gerningar fari gegn banni 10. gr. samkeppnislaga við ólögmætu samráði. Þessu til viðbótar hefur Samkeppniseftirlitinu það hlutverk að fylgjast með stjórnunar- og eignatengslum milli fyrirtækja, sbr. 1. mgr. 8. gr. samkeppnislaga.

16. Það er mat Samkeppniseftirlitsins að samruninn muni ekki hafa þau áhrif að hann myndi eða styrki markaðsráðandi stöðu samrunaaðila á markaði málsins, eða raski samkeppni að öðru leyti með umtalsverðum hætti. Telur Samkeppniseftirlitið því ekki forsendur til að aðhafast frekar í málinu.

### **Ákvörðunarorð:**

**„Kaup Vinnslustöðvarinnar hf. á 75% hlutafjár í Hólmaskeri ehf. fela í sér samruna í skilningi samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið telur ekki forsendur til þess að aðhafast frekar í máli þessu“**

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson